

Hinsegin dagar í Reykjavík – Gay Pride verða haldnir í áttunda sinn dagana 10.–13. ágúst. Hátíðin hefur vaxið hratt á undanförunum árum og fest sig í sessi sem einn af stærstu viðburðum lands-

ins. Í fyrra komu yfir fimmtíu þúsund manns á Hinsegin daga sem stóðu í fjóra daga. Að þessu sinni verður hitað upp með glæsilegri draggkeppni í samvinnu við Draggkeppni Íslands, sem fram fer á Gauk á Stöng miðvikudaginn 9. ágúst.

Fimmtudaginn 10. ágúst verður haldinn glæsilegur Eurovison-dansleikur á NASA með átta manna hljómsveit og söngvurunum Regínu Ósk og Friðrik Ómari. Þar verða leikin öll vinsælustu lögin úr sögu Eurovison-söngvakeppninnar svo að allir verða rétt stemmdir fyrir framhaldið.

Hin glæsilega opunarhátíð Hinsegin daga verður í Loftkastalanum föstudaginn 11. ágúst kl. 20:30. Þar koma fram Ruth & Vigdís frá Osló ásamt The Queentastic, en þær stöllur slógu eftirminnilega í gegn á Hinsegin dögum í fyrra og mæta nú tvíefldar til leiks með glæsilegu föruneysi. Rósa Guðmundsdóttir syngur nokkur frumsamin lög og hljómsveitin Shitting Glitter frá Los Angeles vekur póstmóðernískan gay anda vesturstrandar Bandaríkjanna með frumsaminni tónlist sinni. Að lokinni opunar-hátíðinni hefst strákadansleikur á Pravda og stelpnadansleikur í Þjóðleikhúskjallaranum á miðnætti.

Stóra stundin rennur svo upp laugardaginn 12. ágúst með hinni einu og sönnu gleðigöngu Hinsegin daga. Byrjað verður að raða upp atriðum göngunnar við lögreglustöðina, Rauðarárstígmegin, klukkan tólf á hádegi. Gangan leggur svo stundvíslega af stað klukkan 14:00. Athugið að gangan hefst klukkutíma fyrir í ár. Áætlað er að gleðigangan verði komin í Lækjargötu upp úr klukkan 15:00 og hefst þá mikil útiskemmtun á sviði við útibú Glitnis. Þau sem vilja skrá atriði í gönguna, verða að fylla út eyðublað á vefsíðu Hinsegin daga og skila því fyrir 3. ágúst.

Guðrún Ögmundsdóttir alþingismaður flytur stutt ávarp á hátíðarsviðinu í Lækjargötu, en að því



loknu tekur við rúmlega klukkustundar taumlaus skemmtidagskrá. Meðal þeirra sem koma fram eru Regína Ós, Friðrik Ómar, Bjartmar, Gabríel, The Nanas, Ruth og Vigdís ásamt Queentastic, Shitt-

ing Glitter, hljómsveitin Reykjavík og fleiri.

Að kvöldi laugardagsins heldur svo skemmtistaðurinn NASA sérstakan hátíðardansleik, þar sem hinn eini sanni Páll Óskar og fleiri halda uppi stuðinu fram á morgun.

Samkynhneigðir á Íslandi fagna um þessar mundir einum mestu réttarbótum sem gerðar hafa verið í mannréttindamálum á Íslandi um langt skeið. Að því tilefni bjóða Hinsegin dagar sr. Pat Bumgardner sem er prestur Metropolitan Community Church, en það er söfnuður samkynhneigðra og vina þeirra í New York, að fara fyrir hátíðarmessu í Hallgrímskirkju sunnudaginn 13. ágúst kl. 16:00. Pat Bumgardner hefur verið þjónandi prestur við MCC-kirkjuna í New York í mörg ár og kemur beint Íslands frá World Pride í Jerúsalem. En World Pride fer fram í borginni helgu vikuna á undan Hinsegin dögum.

World Pride er titill sem InterPride, heimssamtök pride-borga, veita tímabundið til einstakra hátíða. Titillinn var fyrst veittur Róm árið 2000 og er World Pride í Jerúsalem því annað í röðinni.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Hinsegin daga [www.gaypride.is](http://www.gaypride.is)

#### Tengiliðir:

Þorvaldur Kristinsson  
forseti Hinsegin daga, S: 562 9695

Katrín Jónsdóttir  
göngustjóri, S: 867 2399

Erlingur Thoroddsen  
skipulagsfulltrúi, S: 691 9719

Páll Óskar Hjálmtýsson  
dagskrárstjóri útítónleika, S: 898 9116